

Starfslýsing skólaliða

Meginhlutverk skólaliða er að stuðla að velferð og vellíðan nemenda og tekur hann þannig þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans. Hann lýtur daglegri stjórn umsjónarmanns skóla. Hann starfar undir stjórn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í umboði skólastjóra.

Helstu verkefni skólaliða eru:

- aðstoða nemendur í leik og starfi og leiðbeina þeim í samskiptum þeirra við aðra nemendur og starfsfólk skólans
- aðstoðar kennara með nemendur í bekk ef um mikil forföll er að ræða
- veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhöpp verða
- hefur umsjón með nemendum í frímínútum úti og inni, á göngum og í búningsklefum íþróttahúss og sundlaugar (ef við á)
- aðstoðar nemendur ef þurfa þykir við frágang og utanumhald á fatnaði þeirra og munum í fataklefa og göngum.
- sér um daglega ræstingu, heldur húsnæði hreinu og snyrtilegu samkvæmt vinnuskipulagi.
- aðstoðar við uppröðun og tilfærslu á tækjum og húsgögnum innan skólans
- aðstoðar í matsal á matmálstímum
- fylgir nemendum milli kennslusvæða þegar þess er þörf

Sinnir öðrum þeim verkefnum sem Skólastjóri eða umsjónarmaður kann að fela viðkomandi og fallið geta að ofangreindum markmiðum